

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján L. Möller.

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.

2. gr.

21., 22., 23. og 23. gr. a laganna falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „1. september 2012“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögnum kemur: 1. september 2013.

4. gr.

Í stað orðanna „og 2011/2012“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum kemur: 2011/2012 og 2012/2013.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum:

- a. Í stað orðanna „og 2011/2012“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 2011/2012 og 2012/2013.
- b. Í stað orðanna „Fiskveiðiárið 2011/2012“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Á fiskveiðiárunum 2011/2012 og 2012/2013.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IX í lögnum:

- a. Í stað orðanna „Á fiskveiðiárinu 2011/2012“ í 2. og 3. mgr. kemur: Á fiskveiðiárunum 2011/2012 og 2012/2013.
- b. 4. mgr. fellur brott.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða X í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga nr. 70/2011 koma til frádráttar að  $\frac{1}{3}$  hluta frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2012/2013. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi  $\frac{1}{3}$  hlutum þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 5. og 6. mgr. 8. gr. laganna.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XI í lögnum:

- a. Í stað orðanna „á árinu 2012“ í 1. málsl. kemur: á árunum 2012 og 2013.
- b. Á eftir orðunum „á árinu 2012“ í 2. málsl. kemur: og 2013.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Þetta frumvarp er lagt fram samkvæmt samkomulagi allra fulltrúa í atvinnuveganefnd. Frumvarpið felur í sér tillögu um að fiskveiðiárið 2012/2013 lúti stjórn fiskveiða sem næst sömu reglum og giltu fiskveiðiárið 2011/2012, að því frágreindu að gert er ráð fyrir því að um veiðigjald muni fara samkvæmt sérlögum en ekki gildandi lögum um stjórn fiskveiða (sjá 658. mál, veiðigjöld).

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## Um 1. og 2. gr.

Hér er lagt til að ákvæði laga um stjórn fiskveiða sem varða veiðigjöld verði felld brott en þess í stað komi einföld tilvísun til laga um veiðigjöld, sbr. 658. mál.

## Um 3.–6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

## Um 7. gr.

Með ákvæðum 3. gr. laga nr. 70/2011, sem breyttu 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, var kveðið á um ákveðna aðferð til að jafna milli tegunda framlagi í svo nefnda „samfélagspotta“ með því að skerða aflamark allra útgerða um allt að 5,3%. Í skýringum við álit meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, sem færði út ákvæði frumvarpsins að þessu leyti, sagði að þetta væri gert til að tryggja jafnræði með handhöfum aflahlutdeilda. Eftir að ráðstafað hefði verið í pottana því sem með þessu kæmi inn af þorski, ýsu, ufsa og steinbít yrði aflamagni í öðrum tegundum skipt í þessar tegundir eins og mögulegt væri (til ráðstöfunar í pottana). Það yrði gert á sérstökum skiptimarkaði (þskj. 1692, 139. löggjafarþing). Þessi ákvæði um skerðingu (frádrátt) aflamarks komu þó ekki nema að hluta til framkvæmdar á yfirstandandi fiskveiðiári 2011/2012, enda var í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 70/2011 mælt fyrir um að eldri regla um frádrátt aflaheimilda (í botnfisktegundunum fjórum) skyldi gilda að  $\frac{3}{4}$  hlutum, en hin nýja regla að  $\frac{1}{4}$  hluta.

Með þessari grein frumvarpsins er lagt til að hin eldri regla verði látin gilda að  $\frac{1}{2}$  á móti hinni nýju reglu á komandi fiskveiðiári 2012/2013.

## Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.